

Fundargeð aðalfundar LSG mánudaginn 26.maí 2014 kl. 17.00– 20.00

Öll stjórnin var mætt og fundarstjóri var Jón Freyr Þórarinsson. Fundinn sóttu 35 manns.

1. Erling Ásgeirsson formaður flutti skýrslu stjórnar (sem fylgir með í sérriti)
2. Ingvi Stígsson gjaldkeri lagði fram endurskoðaða reikninga, sjá sérprentun.
3. Umræður um báðar skýrslurnar.
 - *Akstursreglur voru ræddar og Sölvi Rúnar upplýsti að reglur sem til eru hjá félaginu fengust ekki samþykktar inn í Aðalskipulagið svo að nú þarf að endurvinnna þær vegna tillagna sem stjórn Ísafjarðarbæjar hefur sent Umhverfisstofnun og formaður kynnti í skýrslu sinni. Rætt var um notkun snjósleða og flug þyrta og smávéla.
 - *Byggingareglur voru einnig ræddar.

Að umræðum loknum voru báðar skýrslurnar samþykktar og greinilega kom fram að menn voru ánægðir með utanumhald fjármála.
4. Stjórnarkjör og kosning skoðunarmanna fór ekki fram þar sem öll stjórnin var endurkosin til tveggja ára á aðalfundi 2013, sjá skýrslu formanns.
5. Árgjald félagsins hefur verið kr. 1000.- og ákveðið að hafa það óbreytt, en fundarstjóri hvatti til að fólk greiddi það rafrænt og með því sparaðist póstkostnaður.
6. Önnur mál:
 - *Ásta S. Andrésdóttir lögfræðingur frá fasteignaskrársviði Þjóðskrár kynnti misræmi í skráningu fasteigna í friðlandi Hornstranda.
 - Hún benti á að þinglýsingabók og fasteignaskrá væru sinn hver hluturinn. Ný lög komu fram árið 2001. Fyrir þann tíma var hægt að skrá hús í fasteignaskrá en nú er orðinn samruni beggja skráa þar sem er ein skráning upplýsinga. Engin fasteign er skráð án tengingar við land. Frá árinu 2010 má ekki þinglýsa húsi án lóðaréttinda. Algengt er að jarðir séu með mörgum sumarústöðum en vegna þess að jarðirnar eru ekki afmarkaðar til dæmis með hnitum er ekki hægt að úthluta landi og afmarka undir sumarhúsin.
 - *Jón Björnsson landvörður kynnti skýrslu landvarðar 2013.

Fjöldi ferðamanna til friðlandsins var svipaður og s.l. ár eða um 5800 manns +/- dagsferðamenn hafa aldrei verið fleiri eða um 2300 manns þar af helmingur frá skemmtiferðaskipum. Gestum á tjaldsvæði í Hornvík fjölgar og voru 809 s.l.sumar þar af fjórðungur Íslendingar. Í friðlandinu öllu eru 16 tjaldsvæði.

Sumarið 2013 unnu sjálfbóðaliðar undir stjórn sérfræðings við að endurreisa vörður á Hesteyrarbrúnum milli Kjaransvíkurskarðs og Hesteyrar. Næsta sumar verða endurreistar vörður á gönguleiðinni frá Veiðileysufirði í Hafnarskarð og haldið áfram að laga gönguleiðir kringum Hesteyri. Ferðamálasjóður styrkir framkvæmdir.

Jón vakti athygli á að friðlandið hefði mikla sérstöðu miðað við önnur friðlýst svæði hér á landi og þó víðar væri leitað. Friðlandið flokkast nú í sjaldgæfan flokk alþjóðlegra verndarsvæða (IUCN cat 1b – wilderness) og eiga eigindi svæðisins , reglur (t.d.refafriðun) svo og aðgengi að því stærstan þátt í þeirri flokkun.

Fundi slitið kl. 20.00 Matthildur Guðmundsdóttir.

Aðalfundur LSG 26.05 2014

Ingvi Stigsson
 Birna Johannessd.
 Snæfellingur Jósefsson
 Stef. Pálsson
 Björgvinur Mundalóttir
 Þórir Þinnar
 Þórir Rúnarsson
 Jón Páll Jónsson
 Unni Heiman
 Margret Semundsd.

Svein Jóhannsson
 Anna Magnúsdóttir
 Sten Sturluson
 Stenur Jónsson
 Jón Frjófsdóttir
 Matthildur G. Guðmundsdóttir
 Sól R. Solbergsson

35 fundarmenn.

Jón Björnsson
 Edmund Ólafsson
 Áundur Ólafsson
 Áundur Skarmer
 Ólafur Pálsson
 Hilmar R. Sigursson
 Jónas Þorvaldsson
 Jónas Ólafsson
 Hagarinn Þórunn
 Kolbeinn Stigsdóttir
 Björg Jóhannsdóttir
 Magnús Halldórsson
 Sigríður Helga Sigríðsdóttir
 Sigríður J. Jónsson
 Lameo Arnarson
 Sigríður Guðmundsdóttir
 Sigríður Þorvaldsson
 Erlingur R. Sigursson